




## AÐALSKIPULAGI MÝRDALSHREPPS 2012-2028

Iðnaðarsvæði í landi Fagradals og Víkur- Tillaga

27.10.2020, breytt 9.2.2021





## Samþykktir

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið samkvæmt 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, var samþykkt af sveitarstjórn Mýrdalshrepps \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af Skipulagsstofnun \_\_\_\_\_

## SKIPULAGSFERLI

Aðalskipulagsbreytingin var auglýst frá: \_\_\_\_\_ með athugasemdafresti til: \_\_\_\_\_

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest með auglýsingu í B deild Stjórnartíðinda: \_\_\_\_\_

## Skipulagsgögn

Greinargerð þessi og skipulagsuppdráttur aftast í greinargerðinni.

## EFNISYFIRLIT

<b>1</b>	<b>INNGANGUR</b>	<b>7</b>
<b>1.1</b>	<b>Skipulagsgögn</b>	<b>7</b>
<b>2</b>	<b>MARKMIÐ, FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR</b>	<b>8</b>
<b>2.1</b>	<b>Tilgangur og markmið</b>	<b>8</b>
<b>2.2</b>	<b>Skipulagssvæðið</b>	<b>8</b>
<b>2.3</b>	<b>Gróðurfar og vistgerðir</b>	<b>9</b>
<b>2.4</b>	<b>Framkvæmdalýsing</b>	<b>9</b>
<b>2.5</b>	<b>Tengsl við aðrar áætlanir</b>	<b>10</b>
2.5.1	Landsskipulagsstefna	10
2.5.2	Aðalskipulag	10
2.5.3	Deiliskipulag	11
<b>2.6</b>	<b>Minjar</b>	<b>11</b>
<b>2.7</b>	<b>Landbrot og náttúruvá</b>	<b>11</b>
<b>3</b>	<b>BREYTING Á AÐALSKIPULAGI</b>	<b>13</b>
<b>4</b>	<b>UMHVERFISSKÝRSLA</b>	<b>14</b>
<b>4.1</b>	<b>Valkostir</b>	<b>15</b>
<b>4.2</b>	<b>Niðurstöður umhverfismats áætlana</b>	<b>16</b>
4.2.1	Valkostur 1	16
4.2.2	Valkostur 2	16
<b>4.3</b>	<b>Umræður / Niðurstaða</b>	<b>19</b>
<b>5</b>	<b>HEIMILDARSKRÁ</b>	<b>20</b>
<b>6</b>	<b>UPPDRÆTTIR</b>	<b>21</b>

<u>HÖFUNDUR</u>	<u>RÝNI</u>	<u>VERKNR.</u>
AB	ÁJ	4033-010-ASK-01_V07

## MYNDASKRÁ

<b>MYND 1.</b> Vistgerðarkort Náttúrufræðistofnunar Íslands. Iðnaðarsvæði og efnistökusvæði eru innan rauðu svæðanna. _____	9
<b>MYND 2.</b> Strandlínubreytingar 1904-2011 frá Vík og austur fyrir Hjørleifshöfða. [3]_____	12
<b>MYND 3.</b> Vindáttir í Vík í Mýrdal á árunum 2002-2010. Mynd: Aðalskipulag Mýrdalshrepps 2012-2028. _____	18

## TÖFLUSKRÁ

<b>TAFLA 1.</b> Umhverfispættir, matsspurningar og viðmið _____	14
<b>TAFLA 2.</b> Samanburður valkosta. _____	15

## 1 INNGANGUR

Mýrdalshreppur vinnur að breytingu á Aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2012-2028 skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin á aðalskipulaginu felur í sér að skilgreina efnistökusvæði og iðnaðarsvæði í fjörunni austan við Vík í Mýrdal í landi Víkur og Fagradals (L163013) auk þess að skilgreina flatarmál fyrir núverandi námu, E1 og staðsetja hana í fjörukambinum miðað við núverandi strandlínu.

Tilgangur efnistökkunnar er að afla jarðefnis til útflutnings, nánar til tekið sands, sem nýta á í sandblástur. Áformað er að moka upp sandi í fjöruborðinu, úr núverandi efnistökusvæði og nýju efnistökusvæði í Fagradalsfjöru, sem fluttur verður ofar í fjöruna, upp á skilgreint iðnaðarsvæði þar sem hann verður brotinn niður og flokkaður. Eftir vinnslu á staðnum verður honum komið í skip, líklega ekið til næstu útflutningshafnar (Þorlákshafnar) og fluttur með skipum til meginlandsins. Sandur/efni sem ekki er nýtanlegt verður flutt aftur í efnistökusvæðið.

Tillaga að breytingu aðalskipulags, þar sem gert var ráð fyrir vinnslu allt að 145.000 m<sup>3</sup>, var tekin fyrir í Skipulagsnefnd í ágúst þar sem afgreiðsla var frestað, þar sem Skipulagsstofnun hafði ekki afgreitt fyrirspurn um matsskyldu. Þann 16. október 2020 komist Skipulagsstofnun að þeirri niðurstöðu að vinnsla allt að 145.000 m<sup>3</sup> skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Því er hér lögð fram breytt tillaga, þar sem magn efnistöku er minnkað verulega og framkvæmdin fellur því ekki lengur undir ákvæði laga um mat á umhverfisáhrifum, þ.e. lið 2.03. Nú fellur það undir lið 2.04 og er því tilkynningaskyld til sveitarfélags. Áfram er gert ráð fyrir að efnistakan og vinnslan muni fara í umhverfismat, þegar reynsla er komin á vinnsluna.

### 1.1 Skipulagsgögn

Breytingin er sett fram í greinargerð þessari, dagsett 27.10 2020, breytt 9.2.2021 vegna athugasemda Skipulagsstofnunar dagsettar þann 22.12.2020, og uppdráttum, annars vegar á þéttbýlisuppdrætti og hins vegar sveitarfélagsuppdrætti, aftast í greinargerðinni.

## 2 MARKMIÐ, FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR

### 2.1 Tilgangur og markmið

Fyrirtækið LavaConcept Iceland ehf. óskaði eftir því við Mýrdalshrepp að gerð yrði breyting á Aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2012-2028 með það að markmiði að vinna sand úr fjörunni austan Víkur til útflutnings. Sandurinn í fjörunni er harður og oddhvas og er því talinn henta mjög vel til sandblásturs þegar búið er að brjóta hann niður í rétta stærð. Auk þess sem svæðið er aðgengilegt og vegna mikils framburðar jökuláa og jökulhlaupa á suðurlandi, nú síðast niður Markarfljót, þá er nokkuð stöðug endurnýjun efnisins.

Í fjörunni austan Víkur verður efnistakan og vinnslusvæðið, nokkru sunnan við Þjóðveg nr. 1. Gerð verður aðstaða til að vinna sandinn í rétta stærð áður en hann er fluttur á brott.

### 2.2 Skipulagssvæðið

Svæðið er austan Víkur í Mýrdal, neðan Suðurlandsvegur og vestan við Kerlingardalsá. Svæðið er í landi Víkur og ber heitið Víkurfjara og einnig í landi Fagradals (163013) og ber þar heitið Fagradalsfjara.

Svæðið er að mestu mótað af sandframburði úr Kötlugosum en mikill sandur og jarðvegsefni berast til sjávar með jökulfljótum og er mikill sandur á ferðinni úti fyrir suðurströnd landsins. Öll suðurströnd Íslands, frá Þorlákshöfn að Höfn í Hornafirði, er að mestu sandfjara mynduð með framburði jökuláa í gegnum aldirnar.

Neðan Þjóðvegur flæmist Kerlingardalsá um sandinn en hún á upptök sín í Mýrdalsjökli og skammt austan hennar er Múlakvísl. Um fjörunar renna einnig minni lækir og er Uxafótarlækur stærstur þeirra. Uppgræðsla hefur verið á sandinum undanfarin ár og er gróðurþekja fjörunnar nokkuð breytileg.

Á þessu svæði er um 1 km breitt flatt láglandssvæði við sjóinn áður en Víkurhamar og Fagradalshamar rísa svo til lóðréttir upp af sléttlendinu. Miðja vegu milli fjalls og sjávar er Þjóðvegur nr. 1. Norðan Þjóðveggarins er láglandið mikið til nýtt til landbúnaðar en sunnan hans er misgróið sandlendi, sem m.a. hefur verið grætt upp með áburði og sáningum. Næst sjónum er ógróin sandfjara, en talsverð hreyfing er á sandinum á þessu svæði, sérstaklega nær sjónum. Nokkru vestan við fyrirhugað vinnslusvæði er flóðvarnargarður sem varna á mögulegum flóðum frá Mýrdalsjökli að falla til Víkur.

Aðkoma að skipulagssvæðinu er frá Þjóðvegi 1 um núverandi vegslóða sem hefur verið notaður sem aðkomuvegur að seyrulosunarsvæði sem er sunnan við fyrirhugað vinnslusvæði. Slóðinn er á þéttum sandi en til stendur að styrkja hann til að tryggja að hann þoli aukna umferð vörubíla.

### 2.3 Gróðurfar og vistgerðir

Svæðið við fyrirhugað efnistökusvæði er mjög gróðurrrýrt, fjaran flokkast sem sandstrandarvist L7.1 sem er með lágt verndargildi. Ofar í fjörunni, þar sem fyrirhugað iðnaðarsvæði verður, er alaskalúpína L14.4 en verndargildi hennar er ekki flokkað, melagambrauvist L5.2 og blómgresisvist L9.7 með miðlungs hátt verndargildi, grasmóavist L10.4 með hátt verndargidli og língresis- og vingulsvist L9.6 með hátt verndargildi og er á lista Bernarsamningsins yfir vistgerðir sem þarfnast verndar [1]. Allar vistgerðirnar eru útbreiddar hér á landi og er því ekki verið að raska nema mjög litlum hluta þeirra. Hafa ber í huga nákvæmni vistgerðarkortlagningar við mat á vistgerðum svæðisins en kortlagning miðast við nákvæmni allt að 1:25.000.



**MYND 1.** Vistgerðarkort Náttúrufræðistofnunar Íslands. Iðnaðarsvæði og efnistökusvæði eru innan rauðu svæðanna.

Í landi Fagradals hefur verið unnið að uppgræðslu og einnig hefur verið unnið að uppgræðslu og styrkingu gróðurs á fjörukambinum við Vík. Sandur úr fjörukambinum fýkur yfir bæinn við ákveðnar aðstæður og hefur sveitarfélagið unnið að uppgræðslu í samstarfi við Landgræðsluna og er hluti svæðisins sem fer undir iðnaðarsvæðið því nokkuð gróið.

Skipulagsbreytingin hefur ekki áhrif á friðlýst svæði eða svæði á náttúruminjaskrá. Tjörninn sem Uxarfótarlækur rennur í nýtur sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga 60/2013 um náttúruvernd, ekki stendur til að raska tjörninni umfram þá rúmmetra vatns sem nýttir verða við vinnsluna og rennsli í tjörnina mun minnka samsvarandi þeirri notkun.

### 2.4 Framkvæmdalýsing

Efnistakan verður í sjávarmálinu í fjörunni neðan við Uxarfótarlæk úr nýrri efnisnámu en einnig námu í Víkurfjöru, E1, nær byggðinni í Vík.

Við efnisvinnslu verður notast við gröfu sem moka sandi upp á bíl („búkollu“) sem ferjar sandinn á vinnslusvæðið. Á vinnslusvæðinu verður svo hjólaskófla til að færa sandinn til eftir þörfum og moka honum í vinnsluvélarnar. Vinnsluvélarnar, sem harpa og vinna sandinn í rétta stærð ganga fyrir rafmagni. Vinnslulínan verður yfirbyggð (skemma) og lagersvæði verða skermuð af. Þar verða einnig geymd efni sem bæta þarf á vinnuvélar af og til, t.d. olía, smurolía, glussi og rúðuhreinsivökvi. Takmarkaðar eldsneytisbirgðir fyrir vinnuvélar verða á svæðinu hverju sinni. Vatn til vinnslunnar verður

fengið úr Uxafótalæk, áætlað magn er um 300 m<sup>3</sup>/klst en rennsli lækjarinns er 2.617 m<sup>3</sup>/klst. Skipulagssvæðið mun að öðru leyti tengjast almennum veitukerfum.

Fyrirhugað er að taka allt að 25.000 m<sup>3</sup> af sandi úr Fagradalsfjöru en allt að 22.000 m<sup>3</sup> úr núverandi efnistökusvæði í Víkurfjöru en þar er þegar búið að taka um 2.500 m<sup>3</sup> af efni. Gert er ráð fyrir að efnistökusvæðin verði full nýtt á 2-4 árum og verður þá búið að vinna allt að 47.000 m<sup>3</sup> af sandi og flytja brott. Ef framhald verður á vinnslunni þá þarf að gera breytingu á aðalskipulagi á ný og að undangengnu umhverfismati.

## 2.5 Tengsl við aðrar áætlanir

### 2.5.1 Landsskipulagsstefna

Í Landsskipulagsstefnu er fjallað um mikilvægi þess að taka tillit til náttúruvár og umhverfisbreytinga svo sem vegna hækkunar sjávarborðs, og náttúruvár, svo sem snjóflóða, skriðufalla, vatnsflóða, eldgosa, jökulhlaupa og jarðskjálfta, með það að markmiði að varna slysum á fólki og tjóni á mannvikjum. Í skipulagi skal því gera grein fyrir þeirri náttúruvá sem er til staðar og meta þörf á viðbragðsáætlun. Upplýsingar Veðurstofu Íslands um náttúruvá og loftslagsbreytingar verði lagðar til grundvallar í skipulagsgerðinni.

Skipulagsgerð á haf- og strandsvæðum er almennt ætlað að stuðla að vernd og viðhaldi vistkerfa, draga úr árekstrum ólíkrar starfsemi og stuðla að betri og upplýstari ákvarðanatöku. Við gerð skipulagsáætlana skal því meta sjálfbærni og viðhaldi vistkerfa og skoða hvort hætta sé á árekstrum milli ólíkrar starfsemi.

Breyting á aðalskipulagi mun verða í samræmi við landsskipulagsstefnu.

### 2.5.2 Aðalskipulag

Í gildandi aðalskipulagi er Víkurfjara skilgreind innan þéttbýlis á óbyggðu svæði. Óbyggð svæði eru mikilvæg fyrir ásýnd og upplifun í sveitarfélaginu. Á óbyggðum svæðum er ekki gert ráð fyrir mannvirkjum, nema sérstaklega sé getið um slíkt í skipulagi eins og ljósleiðari ofarlega í fjörunni og raflínur Raríks meðfram Suðurlandsvegi. Fagradalsfjara er hins vegar utan þéttbýlis og er skilgreind sem landbúnaðarsvæði. Landbúnaðarsvæði eru mikilvæg auðlind í Mýrdalshreppi, fyrir matvælaframleiðslu, atvinnu og sjálfbæra nýtingu. Það er stefna aðalskipulagsins að ganga ekki á ræktanlegt land á skipulagstímabilinu.

Í kafla 1.8. *Strandlengja* kemur fram að það sé almenn stefna í aðalskipulaginu að reisa ekki mannvirki á ströndinni, til að vernda og nýta strandlengjuna til útivistar og fyrir lífríki. Heimild er til efnisnáms á strandlengjunni á afmörkuðum svæðum. Efnisnáma E1 Víkurfjara er neðst í fjörunni og búið er að nota um 2.500 m<sup>3</sup> úr henni.

Í skipulagsreglugerð segir í 6.2. gr. Stefna um landnotkun:

„g. Efnistöku- og efnislosunarsvæði (E).



Svæði þar sem ráðgert er að taka, vinna eða losa jarðefni. Efnistökusvæði eru svæði á landi, í sjó, ám eða vötnum þar sem fram fer eða fyrirhuguð er efnistaka eða efnisvinnsla, svo sem malarnám, sandnám, grjótnám, gjallnám eða vikurnám. Efnislosunarsvæði eru svæði á landi, í sjó, ám eða vötnum þar sem fram fer eða fyrirhuguð er landfylling eða losun jarðefna, sem eru hrein og ómengduð, svo sem jarðefni sem til falla vegna byggingarframkvæmda.“

Efnisnámur eru yfirleitt skilgreindar sem óendurnýjanleg auðlind. Í aðalskipulagi er greint frá sérstöðu Mýrdalshrepps hvað varðar efnisnám en uppspretta efnis er vegna efnisflutnings sjávar annars vegar og jökulfljóta hins vegar. Auðlindin er því að ákveðnu marki endurnýjanleg.

Skilgreind eru 20 efnistökusvæði í Mýrdalshreppi.

Breytingin fellur að stefnu í aðalskipulagi þar sem ekki er verið að raska góðu landbúnaðarlandi og landbúnaður verður áfram stundaður á jörðinni Fagradal. Það er almenn stefna sveitarfélagsins að reisa ekki mannvirki á ströndinni. Mannvirkin sem verða reist á svæðinu verða í 120 – 300 m frá þjóðvegnum en svæðið frá iðnaðarsvæði og niður að sjó er um 350 m breitt. Stórt svæði er því neðan við mannvirkin sem verður áfram óbyggt og á það við lang stærsta hluta strandlengjunnar frá Vík að Hornafirði.

### 2.5.3 Deiliskipulag

Unnið er að gerð deiliskipulags fyrir svæðið. Á svæðinu, sunnan við fyrirhugað vinnslusvæði, er í gildi deiliskipulag frá 1998, urðunarsvæði við Uxafótarlæk, en breyting á aðalskipulagi og nýtt deiliskipulag mun ekki hafa áhrif á þá starfsemi.

## 2.6 Minjar

Engar þekktar fornleifar eru á svæðinu. Svæðið er að mestu mótað af sandframburði og því litlar líkur á að fornleifar séu sjáanlegar á stærstum hluta þess.

Ef fram koma áður óþekktar fornleifar á framkvæmdartíma, sbr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 0/2012, verður þegar haft samband við Minjastofnun Íslands og framkvæmd stöðvuð uns fengin er ákvörðun Minjastofnunar um hvort halda megi áfram og með hvaða skilmálum.

## 2.7 Landbrot og náttúruvá


Náttúruvá í sveitarfélaginu eru vegna eldsumbrota, jökulhlaupa og landsbrots. Efnid í fjörunni er framburður jökuláa á Suðurlandi auk þess að vera framburður jökulhlaupa sem urðu við eldgos undir jökli. Kötlugosið 1918 og jökulhlaupið í kjölfarið eiga þar stóran þátt.

Breyting á strandlínunni fer eftir færslu efnis sem er háð öldum, hafstraumi og vindi og ráða þessir umhverfisþættir mestu um rof strandlengjunnar [7]. Strandlengjan hefur ekki náð jafnvægi og eru því stöðugar minniháttar breytingar en gætu orðið stórfelldar ef sérstæðar og fátíðar aðstæður skapast eins og ofsaveður eða eldgos með jökulhlaupi. Ef það gerist þá verður hluti suðurstrandar landsins fyrir breytingum.

Framan við þéttbýlið í Vík var stöðugt rof á strandlengjunni frá því um 1970 til 2011 en var þá byggður sandfangari við Víkurá. Annar sandfangari var byggður framan við iðnaðarhverfið austast í þéttbýlinu árið 2017 og ver hann svæðið milli sandfangaranna tveggja. Ströndin þar austan við er óvarin og má búast við áframhaldandi rofi þar.

Nýr varnargarður vegna jökulhlaupa er í byggingu frá Víkurkletti til sjávar, skammt vestan fyrirhugaðra framkvæmdarsvæða.

Kortlagning strandlínunnar frá árinu 1904 til ársins 2011 sýnir að ströndin náði hvað lengst fram um miðja síðustu öld en hefur verið að hopa [3] síðan þá og gert er ráð fyrir að hún haldi áfram að hopa [7].



**MYND 2.** Strandlínubreytingar 1904-2011 frá Vík og austur fyrir Hjörleifshöfða. [3]

Á hverju ári færast milljónir rúmmetra af efni meðfram ströndinni [3]. Til að átta sig á þeim miklu efnisflutningum sem eiga sér stað meðfram suðurströnd Íslands má benda á til samanburðar að á árunum 2010 – 2019 voru teknir 4,1 milljónir  $m^3$  af sandi úr Landeyjarhöfn [4]. Fyrirhuguð efnistaka er 47.000  $m^3$  sem er 1,1% af því magni. Múlakvísl og Kerlingardalsá eru með sameiginlega ós skammt austan við fyrirhugað efnistökusvæði og heildarframburður Hólmsár við Þaula er um 2,44 milljónir tonna á ári [5], og það er bara ein hliðará Kúðafljóts sem er með ósa sína austan við Víkurfjörur. Fylgst verður með hvort efnistaka hafi áhrif á landbrot í fjörunni eða efnisflutninga til vesturs, inn í Víkurfjörur.

Gengið er út frá því að efnisvinnslan, 47.000  $m^3$ , úr efnistökusvæðunum verði lokið á 2-4 árum. Ekki er gert ráð fyrir að strandlengjan taki miklum breytingum á þeim tíma nema ef mjög sérstæðar aðstæður í náttúrunni skapist. Engin mannvirki verða í hættu nema ef breytingarnar í fjörunni verða mjög stórfelldar. Efnisnám í fjörunni er að ákveðnu marki endurnýjanleg auðlind vegna stöðugs sandburðar meðfram suðurströndinni. Efnistakan dreifist á tvö svæði og lítið magn tekið á hvorum stað fyrir sig eða allt að 22. þús  $m^3$  í Víkurfjöru og 25. þús  $m^3$  í Fagradalsfjöru. Samanlagt flatarmál efnistökusvæðanna verður allt að 25.000  $m^2$ . Ekki verða grafnar djúpar holur eða gryfjur sem ógna

stöðugleika fjörunnar, heldur verður laust efni skafið af yfirboðinu. Vöktun á fjörunni er þegar hafin og verður reglubundið drónaflug og mælingar viðhafðar allan vinnslutímann. Með því að bera saman upplýsingar sem aflað er fyrir efnistöku, meðan á efnistöku stendur og eftir að efnistöku lýkur verður hægt að meta raunveruleg áhrif vinnslunnar m.t.t. hvort áframhald verði á efnistöku á svæðinu.

### 3 BREYTING Á AÐALSKIPULAGI

Með þessari breytingu á aðalskipulagi er skilgreind ný efnisnáma í Fagradalsfjöru. Um 350 m fjær sjónum er skilgreint 0,25 ha iðnaðarsvæði þar sem verður aðstaða til að vinna sandinn og geymsla fyrir vinnutæki. Gerð er breyting á greinargerð, þéttbýlis- og sveitarfélagsuppdrætti.

#### Breytingar á uppdrætti:

Þéttbýlisuppdráttur breytist á þann veg að iðnaðarsvæði I3 er skilgreint ofarlega í fjörunni fast við þéttbýlismörkin. Staðsetning efnistökusvæðisins E1 er leiðrétt, vegna breytinga á fjörunni síðan náman var staðsett á gildandi aðalskipulagsuppdrætti, og staðsetning þess lagfært með hnitsetningu í núverandi fjöruborði. Einnig er flatarmál þess endurmetið og er það sýnt sem 1,05 ha.

Á sveitarfélagsuppdrættinum verður sú breyting að nýtt efnistökusvæði E21 er skilgreint í Fagradalsfjöru. Sýnd verður aðkoma að iðnaðarsvæðinu. Nánar verður gerð grein fyrir aðkomu í deiliskipulagi.

#### Breytingar í greinargerð:

Í kafla 1.9. Efnistaka, í greinargerð er gerð grein fyrir efnistökusvæðum í sveitarfélaginu. Skilmálar fyrir efnistökusvæði E21 er bætt við og skilgreind sem lítil náma, 10.000 til 25.000 m<sup>3</sup>. Bætt er við dálkinum „Flatarmál“ aftast í töfluna sem sýnir hámarksflatarmál efnistökusvæðanna.

Breyting er gerð á töflu 1.1 Efnistökusvæði í Mýrdalshreppi

Tafla 1.1 Efnistökusvæði í Mýrdalshreppi.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á efnistökusvæði E1 og E21 er bætt við

EFNISTÖKUSVÆÐI	STÆRÐ*	GERÐ	FLATARMÁL
E1 Víkurfjara	II	Sandur og mól	1,05 ha
E21 Fagradalsfjara	II	Sandur og mól	1,05 ha

\*Stærðir miðast við heildarefnisvinnslu námu.

(I): Mjög lítil náma minni en 10.000 rúmmetrar.

(II): Lítil náma; 10.000 til 25.000 rúmmetrar.

(III): Meðalstór náma; 25.000-100.000 rúmmetrar.

(VI): Stór náma; allt að 150.000 rúmmetrar.

(V): Mjög stór náma; stærri en 150.000 rúmmetrar.

Í kafla 2.3 Iðnaðarsvæði, er gerð grein fyrir iðnaðarsvæðum sveitarfélagsins.

Í töflu 2.2: Iðnaðarsvæði í Mýrdalshreppi bætist við eftirfarandi lína.

IÐNAÐARSVÆÐI	STÆRÐ (HA)	N	NÚVERANDI BYGGINGAR Í M <sup>2</sup>	LEYFILEGT BYGGINGARMANG Í M <sup>2</sup>
13 Víkur- og Fagradalsfjara	0,25		0	Allt að 500 m <sup>2</sup> .

N:nýtingarhlutfall

Ekki er gefið upp nýtingarhlutfall þar sem hámarksstærð bygginga er allt að 500 m<sup>2</sup>. Hámarkshæð bygginga á iðnaðarsvæði getur verið allt að 8 m. Heimilt er að hafa gáma í stað bygginga tímabundið eða til lengri tíma, í samráði við skipulags- og byggingafultrúa sveitarfélagsins. Lagersvæði skulu skermuð af vegna fok- og áskýndarhrifa. Byggingar og önnur helstu mannvirki skulu fjarlægð innan 3 ára frá lokum vinnslutíma.

Gerð er krafa um vöktunaráætlun þar sem þarf að vakta strandrof á svæðinu.

Gerð verður nánar grein fyrir skilmálum í deiliskipulagi.

## 4 UMHVERFISSKÝRSLA

Framkvæmdin sem fyrirhuguð er á svæðinu fellur undir C flokk í 1. Viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 n.t.t. tölulið 2.04 „Efnistaka og/eða haugsetning á landi eða úr hafsbotni þar sem ætæað er að raska minna en 25.000 m<sup>2</sup> svæði eða efnismagn er minna en 50.000 m<sup>3</sup>.“ Þar með fellur aðalskipulagsbreytingin undir lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana og fylgir skipulagsáætluninni umhverfisskýrsla. Sveitarfélagið metur hvort framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum skv. lögum nr. 106/2000. Í þessum kafla er sett fram umhverfisskýrsla fyrir skipulagsáætlunina skv. lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Gerð er grein fyrir þeim umhverfisþáttum sem líklegt er að verði fyrir áhrifum af breytttri stefnu aðalskipulagsins. Hafa ber í huga nákvæmni áætlunarinnar þegar lagt er mat á vægi áhrifa. Í skipulagslýsingunni voru eftirfarandi umhverfisþættir og matsspurningar settar fram og eru þær notaðar við að meta umhverfisáhrif breytingarinnar:

**TAFLA 1.** Umhverfisþættir, matsspurningar og viðmið

UMHVERFISÞÁTTUR	MATSPURNINGAR	DÆMI UM VIÐMIÐ
Jarðmyndanir	Mun skipulagið fela í sér áhrif á jarðmyndanir sem njóta verndar eða þykja sérstæðar? Hefur framkvæmd áhrif á tjörn neðan vinnslusvæðis?	Lög nr. 60/2013 um náttúruvernd. 1. gr. um markmið laganna. 3. gr. um verndarmarkmið fyrir jarðminjar og 61. gr. um sérstaka vernd jarðminja.
Gróður og dýralíf	Mun skipulagið hafa áhrif á gróður – vistsvæði og plöntutegundir? Mun skipulagið hafa áhrif á dýralíf – vistsvæði og dýrategundir?	Lög nr. 60/2013 um náttúruvernd. 1. gr. um markmið laganna. 2. gr. um verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir. 60. gr. um friðun vistkerfa, vistgerða og tegunda og

UMHVERFISÞÁTTUR	MATSSPURNINGAR	DÆMI UM VIÐMIÐ
		61. gr. og 62. gr. um vernd vistkerfa og bakkagróðurs.
Fornminjar	Mun skipulagið hafa áhrif á fornminjar?	Lög nr. 80/2012 um menningarminjar. 1. gr. Um markmið laganna, 16. gr. Um skipulag og 23. gr. Um fornleifar í hættu.
Ásýnd og landslag	Mun skipulagið hafa áhrif á ásýnd svæðisins? Mun skipulagið hafa sjónræn áhrif? Mun skipulagið hafa áhrif á náttúrulegt landslagi?	Lög nr. 60/2013 um náttúruvernd. 1. gr. um markmið laganna, 3. gr. um verndarmarkmið fyrir landslag. Stefna um svæðið í aðalskipulagi Mýrdalshrepps.
Heilsa og öryggi	Mun skipulagið hafa áhrif á hljóðvist og loftgæði á nærliggjandi svæðum? Mun skipulagið hafa áhrif á umferðaröryggi? Mun skipulagið hafa áhrif á lýðheilsu?	Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir Vegalög nr. 80/2007 Velferð til framtíðar
Sjór og strandsvæði	Mun skipulagið hafa áhrif á sjó og/eða strandsvæði?	Lög nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda
Samfélag	Mun skipulagið hafa áhrif á atvinnu í sveitarfélaginu? Mun skipulagið hafa áhrif á útivist í fjörunni? Mun skipulagið hafa áhrif á öryggi fólks í fjörunni?	Stefna um atvinnu í gildandi aðalskipulagi og stefnumið í landsskipulagsstefnu

#### 4.1 Valkostir

Ekki komu fleiri kostir til greina en valinn kostur og núll kostur sem fellst í óbreyttu ástand skv. gildandi aðalskipulagi þar sem sandur sem hentar til sandblásturs er helst að finna á þessu svæði.

1. Núll kostur
  - Ekkert verður aðhafst og svæðið heldur áfram að vera skilgreint sem landbúnaðarsvæði utan þéttbýlis og óbyggt svæði innan þéttbýlis með efnistökusvæði.
2. Efnistaka og vinnslusvæði
  - Nýtt efnistökusvæði í Fagradalsfjöru og skilgreint nýtt iðnaðarsvæði fyrir vinnslu efnisins. Efnisnáma í Víkurfjöru fært til og flatarmál skilgreint.

TAFLA 2. Samanburður valkosta.

VALKOSTIR	NÚLLKOSTUR – GILDANDI SKIPULAG - ENGIN BREYTING Á AÐALSKIPULAGI	VALINN KOSTUR - BREYTT SKIPULAG IÐNAÐARSVÆÐI OG EFNISTÖKUSVÆÐI
JARÐMYNDANIR	Óveruleg áhrif – engar framkvæmdir umfram gildandi heimildir.	Óveruleg áhrif – engar jarðminjar eru á svæðinu sem njóta sérstakrar verndar í samræmi við 2. mgr. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Áhrif á tjörn eru lítil þar sem vinnsluvatn verður lítil hluti heildavatnsmagns sem í hana fer, auk þess sem það fer aftur út í grunnvatnskerfið neðan framkvæmda-svæðis.
GRÓÐUR OG DÝRALÍF	Óveruleg áhrif – engar framkvæmdir umfram gildandi heimildir.	Óveruleg áhrif – Enginn gróður er á efnistökusvæðunum en á vinnslusvæðinu er nokkuð þéttur gróður. Samkvæmt vistgerðakortlagningu Náttúrufræðistofnunar Íslands eru vistgerðir á svæðinu sem eru með hátt eða mjög hátt verndargildi. Vistgerðirnar hafa mikla útbreiðslu á landsvísu og er mjög litlum hluta þeirra raskað. Búsvæði fugla verður ekki raskað með efnistökusvæðinu en á iðnaðarsvæðinu

VALKOSTIR	NÚLLKOSTUR – GILDANDI SKIPULAG - ENGIN BREYTING Á AÐALSKIPULAGI	VALINN KOSTUR - BREYTT SKIPULAG IÐNAÐARSVÆÐI OG EFNISTÖKUSVÆÐI
		gæti verið varp og búsvæði nokkurra fuglategunda. Svæðið er um 0,25 ha, og sambærilegt óraskað svæði þar fyrir utan sem nýtist fuglum. Svæðið er utan tillögu að skilgreindum verndarsvæðum fugla.
Fornminjar	Óveruleg áhrif – engar framkvæmdir umfram gildandi heimildir.	Óveruleg áhrif – Engar þekktar fornminjar eru á svæðinu.
Ásýnd og landslag	Óveruleg áhrif – engar framkvæmdir umfram gildandi heimildir.	Óveruleg eða neikvæð áhrif – í aðalskipulagi kemur fram að það sé almenn stefna í aðalskipulaginu að reisa ekki mannvirki á ströndinni, til að vernda og nýta strandlengjuna til útivistar og fyrir lífríki. Ásýndaráhrif eru staðbundin á nærsvæði framkvæmdar. Áhrifin eru afturkræf.
Heilsa og öryggi	Óveruleg áhrif – engar framkvæmdir umfram gildandi heimildir.	Óveruleg áhrif – Umferð þungaflutninga frá svæðinu og til vesturs gegnum Vík eykst en er óveruleg viðbót á þjóðveg 1. Ryk og hljóðmengun getur borist frá efnis- og iðnaðarsvæðinu en er talin óveruleg vegna fjarlægðar og veðurþátta.
Sjór- og strandsvæði	Óveruleg áhrif – engar framkvæmdir umfram gildandi heimildir.	Óveruleg áhrif – Ekki er talið að efnistaka og vinnsla efnis muni hafa áhrif á mengun hafs og stranda enda sé staðið að öllum frágangi mengandi efna í samræmi við kröfur þar um m.a. með lekavörnum.
Samfélag	Óveruleg áhrif – engar framkvæmdir umfram gildandi heimildir.	Jákvæð áhrif – Styður við markmið sveitarstjórnar um að stuðla að og skilgreina tækifæri til fjölgunar starfa í sveitarfélaginu. Með uppbyggingu renna tekjur til sveitarfélagsins og atvinnuframboð eykst á bæði beinum og afleiddum störfum. Svæði til útivistar minnkar en þó lítið miðað við heildina. Við frágang og vinnslu við efnistökusvæðið þarf að tryggja öryggi fólks.

Jákvæð áhrif  Neikvæð áhrif  Óveruleg áhrif  Óviss áhrif 

## 4.2 Niðurstöður umhverfismats áætlana

### 4.2.1 Valkostur 1

Núll kostur (valkostur 1) er talinn hafa óveruleg áhrif á metna þætti þar sem engu verður raskað umfram það sem gildandi aðalskipulag heimilar.

### 4.2.2 Valkostur 2

#### Jarðmyndanir

Efnistökusvæði og iðnaðarsvæði í landi Víkur og Fagradals er talinn hafa óveruleg áhrif á *jarðmyndanir* á svæðinu. Skv. kortlagningu Náttúrufræðistofnunar Íslands á sérstakri vernd náttúru fyrirbæra þá eru engar jarðmyndanir sem njóta sérstakrar verndar innan fyrirhugaðs iðnaðarsvæðis og efnistökusvæðis. Enginn berggrunnur er í fjörunni heldur eingöngu laus setlög. Efnið í fjörunni er framburður jökuláa á

Suðurlandi auk þess að vera framburður jökulhlaupa sem urðu við eldgos undir jökli. Kötlugosið 1918 og jökulhlaupið í kjölfarið eiga þar stóran þátt. Jarðmyndunin nýtur engrar sérstakrar verndar og er algeng á Íslandi.

### **Gróður og dýralíf**

Óveruleg áhrif eru talin verða á *gróðri*. Sjálf efnistökusvæðin eru á gróðurlausri sandströnd í sjávarmálinu í Víkurfjöru og Fagradalsfjöru austan þéttbýlisins í Vík. Skv. vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands er vistgerðin sandstrandarvist allsráðandi. Vegslóði niður í fjöruna er nú þegar til staðar og því þarf ekki að raska gróðri til að búa til aðkomuveg. Aðal vistgerðin á iðnaðarsvæðinu er língresis- og vingulsvist L9.6 sem er með hátt verndargildi og er á lista Bernarsamningsins yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Einnig er þar að finna melagambrovist L5.2 og blómgresisvist L9.7 með miðlungs hátt verndargildi, grasmóavist L10.4 með hátt verndargildi auk alaskalúpínu. Gróið svæði sem verður raskað verður um 0,25 ha og mikið til manngert með uppgræðslu. Vistgerðirnar sem þar finnast eru allar algengar á landsvísu.

Óveruleg áhrif eru talin verða á *dýralíf*. Efnistökusvæðin verða svo nálægt sjávarborði að sjór mun daglega ganga yfir hluta svæðisins og í sterkum sunnanáttum er það mikið til allt jafnað út. Það verða því engin varpsvæði fugla sem fara forgörðum á efnistökusvæðinu. Vaðfuglar geta þó nýtt sér svæðið til fæðuöflunar og æðarfugl og kríur sjást oft sitja og hvíla sig í slíkum fjörum á suðurströndinni. Áhrifin á þá fugla verða þó afar lítil þar sem sambærilegar sandfjörur eru á stórum svæðum beggja vegna efnistökusvæðanna. Einnig geta fuglarnir nýtt sér fjöruna utan vinnutíma þegar engar vélar eru að vinna á svæðinu.

Svæðið sem fer undir iðnaðarsvæðið er aðeins lengra frá sjó og er nokkuð vel gróið. Á sandinum gæti orpið kría, sandlóa og tjaldur. Í lúpínu er helst að vænta hrossagauks, skógarprasta og þúfutittlings. Í grónu landi gætu lóa, spói og stelkur átt sér búsvæði. Svæðið sem verður raskað er ekki stórt og sambærilegt búsvæði fugla utan þess þar sem fuglalíf heldur áfram að þrífast.

### **Fornminjar**

Óveruleg áhrif eru talin verða á *fornminjum*. Ekki er vitað um fornminjar á svæðinu. Efnistökusvæðið er í fjöruborðinu sem hefur verið á stöðugri hreyfingu síðustu öldina og er sífelld endurnýjun á efni að eiga sér stað. Afar ólíklegt er því að menningarminjar leynist í öldurótinu. Árið 1904 var fjöruborðið nokkurn veginn þar sem fyrirhugað iðnaðarsvæði verður. Strandlínan færðist utar eftir Kötlugosið 1918 áður en hún byrjaði aftur að hopa um miðja síðustu öld [3].

### **Ásýnd og landslag**

Óveruleg eða neikvæð áhrif eru talin verða á *ásýnd og landslag*. Á efnistökusvæðinu í fjöruborðinu verða engin mannvirki en þar verða vinnuvélar að störfum sem skilja eftir sig holur í sandinum sem sjórinn jafnar svo reglulega út. Efnistökusvæðin sjást ekki frá þjóðvegi 1 sem er tæplega 1 km í burtu. Lítil sem engin umferð er á fyrirhuguðu efnistökusvæði. Töluvert er um ferðamenn í Víkurfjöru neðan við þéttbýlið í Vík, vinsælt er að taka mynd af Reynisdröngum frá þeim stað. Efnistökusvæðið E21 er um 1 km austan við nýjan varnargarð Vegagerðarinnar og mögulega gætu vinnuvélar sést í fjörunni en efnistökusvæði E1 er skammt austan varnargarðsins.

Efnisvinnslusvæðið verður öllu nær þjóðvegi 1, eða í um 185 m fjarlægð. Milli þjóðvegs og efnisvinnslusvæðisins er rafmagnslína RARIK. Á efnisvinnslusvæðinu verður brjótur til að brjóta sandinn, vinnuvélar og vélageymsla sem munu sjást frá þjóðveginum. Efnisvinnslusvæðið er um 2 km austan við þéttbýlið á Vík en þar á milli, áleiðis niður í fjöruna skammt vestan við Víkurhamar, eru skemmur og er líklegt að ásýnd fyrirhugaðrar mannvirkja verði svipuð ásýnd þeirra.


Ásýndaráhrif af lageraðstöðu og skemmu verða takmörkuð, við ásýnd úr austri mun hún bera í nýjan varnargarð Vegagerðarinnar og úr norðri, frá þjóðvegi, mun aðstaðan bera í hafflötin. Lagersvæðið verður skermað af. Aðstaðan verður að mestu utan við skilgreint þéttbýli en bóndabæir eru í næsta nágrenni auk annara mannvirkja eins og flugvallar, raflína og flóðvarnargarða. Mannvirki setja því sterkan svip á aðliggjandi svæði nú þegar. Vélaskemma með vinnuvélum fyrir utan er ekki ósvipað því að sjá traktora, rúlluvélar, pökkunarvélar og önnur tæki við fjárhús og skemmur á flestum bóndabæjum Íslands. Ásýndin verður því nokkuð sambærileg sem sjá má meðfram þjóðveginum hringinn í kringum landið. Varnargarður, sem nú er í byggingu mun takmarka sjónræn áhrif, séð frá neðsta hluta byggðar í Vík

Ásýndin er metin óviss eða neikvæð þar sem stefna í aðalskipulagi sveitarfélagsins er að reisa ekki mannvirki á ströndinni, til að vernda og nýta strandlengjuna til útivistar og fyrir lífríki.

### Heilsa og öryggi

Óveruleg áhrif eru talin verða á heilsu og öryggi. Umferð þungaflutninga frá svæðinu og til vesturs gegnum Vík eykst. Um er að ræða þjóðveg 1 sem liggur í gegnum þorpið. ÁDU í Vík var árið 2018 3.600 yfir árið. Umferð þar í gegn er því háð fjölda breyta og mun flutningur á efninu ekki hafa meiri áhrif en umferð ferðamanna, flutninga austan frá fjörðum eða önnur umferð sem búast má við á hringveginum.

Ríkjandi vindáttir á svæðinu eru úr norðaustri eða norðvestri. Ryk frá vinnslusvæði mun því í flestum tilvikum blása á haf út. Svæðið er jafnframt mjög úrkomusamt og er ársmeðalúrkoma 2.245 mm sem er 192% af landsmeðalúrkomu sem er 1.169 mm [6]. Þessi mikla úrkoma hjálpar til við að rykbinda vinnslusvæðið.



**MYND 3.** Vindáttir í Vík í Mýrdal á árunum 2002-2010. Mynd: Aðalskipulag Mýrdalshrepps 2012-2028.

Ryk og hljóðmengun getur borist frá efnis- og iðnaðarsvæðinu við ákveðnar aðstæður en vegna fjarlægðar, megin vindátta og úrkomu er það talið óverulegt.



### Sjó og strandsvæði

Óveruleg áhrif eru talin verða á *sjó og strandsvæðum*. Ekki er talið að efnistaka og vinnsla efnis muni hafa áhrif á mengun hafs og stranda enda sé staðið að öllum frágangi mengandi efna í samræmi við kröfur þar um m.a. með lekavörnum.

Fyrirhuguð efnistaka er einungis lítið brot af því magni sem að náttúruöflin færa til á ströndinni á hverju ári og þeir 23,5 þús m<sup>3</sup> sem verða teknir á ári í 2 ár munu dreifast á tvö svæði á strandlengjunni. Það verður ekki gerð ein stór hola heldur efni tekið smám saman, eftir því hvar hentugasti sandurinn er hverju sinni. Sjávarstraumar og öldugangur sjá til þess að þær holur og ójöfnur sem myndast á ströndinni jafnast fljótt út og fyllast að nýju af sandi vegna efnisflutninga með ströndinni. Landrof eða breytingar á sandburði meðfram ströndinni vegna efnistökkunar eru því verulega ólíkleg.

### Samfélag

Jákvæð áhrif eru talin verða á *samfélag*. Fyrirhuguð framkvæmd styður við markmið sveitarstjórnar um að stuðla að og skilgreina tækifæri til fjölgunar starfa í sveitarfélaginu. Með uppbyggingu renna tekjur til sveitarfélagsins og atvinnuframboð eykst á bæði beinum og afleiddum störfum. Svæði til útivistar minnkar en stór sambærileg útivistarsvæði eru óhreyfð í næsta nágrenni.

### **4.3 Umræður / Niðurstaða**

Sveitarstjórn telur að framkvæmd hafi góð áhrif á atvinnustarfsemi og samfélag, þar sem störfum fjölgi og samhliða aukast tekjur í samfélaginu. Þá muni aukin umferð, sem starfseminni fylgir vart verða merkjanleg.


Framkvæmdin mun hafa lítil áhrif á umhverfisleg gæði, svæðið liggur allnokkuð austan Víkur og strandsvæði í sveitarfélaginu séu víðfem. Þá sé staðsetning á svæði sem nýtt hefur verið til seyruosunar og mun svo verða áfram, þar sem þetta svæði hefur ekki þótt eftirsóknarvert til útivistar.

Ekki er hægt að útiloka áhrif á strandrof þótt magn sé það lítið að ólíklegt er að þess sjáist merki. En í ljósi þess er gerð krafa um að framkvæmdaraðili geri vöktunaráætlun og annist framkvæmd hennar. Með henni verður fylgst með breytingu á strandsvæðinu og að sú áætlun verði útfærð í samráði við Vegagerðina/skipulagsfulltrúa eða aðra þá aðila sem fylgst hafa með strandrofi við Vík.


## 5 HEIMILDARSKRÁ

- [1] Náttúrufræðistofnun Íslands, „Vistgerðir og mikilvæg fuglasvæði á Íslandi,“ 20. janúar 2020. [Á neti]. Available: <http://vistgerdakort.ni.is/>.
- [2] Brynja Davíðsdóttir, „The effect of vegetation reclamation on birds and invertebrates in Iceland - A comparative study of barren land, restored heathland and land revegetated by Nootka lupin,“ Landbúnaðarháskóli Íslands, Reykjavík, 2013.
- [3] Hildur Ágústsdóttir, „Strandlínubreytingar frá Vík og austur fyrir Hjörleifshöfða 1904 - 2011,“ Háskóli Íslands, Reykjavík, 2012.
- [4] VSÓ Ráðgjöf, „Viðhaldsdýpkun í Landeyjahöfn: Efnislosun í sjó,“ Vegagerðin, Reykjavík, 2020.
- [5] Esther Hlíðar Jensen, Davíð Egilsson, Svava Björk Þorlákssdóttir, Snorri Zóphóníasson og Gunnar Sigurðsson, „Mælingar á aurburði og rennsli í Jökulkvísl árin 2015 og 2016,“ Landsvirkjun/Orkusalan/Veðurstofa Íslands, Reykjavík, 2017.
- [6] VSÓ ráðgjöf, „Aðalskipulag Mýrdalshrepps 2012-2028,“ Mýrdalshreppur, Vík, 2012.
- [7] Fannar Gíslason, „Alog-Shore Sediment Transport at the Coast of Vík í Mýrdal,“ Háskóli Íslands, Reykjavík, 2011.

## 6 UPPDRÆTTIR



Gildandi aðalskipulag mkv. 1:10.000












Breytt aðalskipulag mkv. 1:10.000

**SKÝRINGAR:**

**LAND USE:**

-  Íbúðabyggð  
Residential area
-  Íbúðabyggð (Blönduð svæði)  
Mixed use: Residential, retail and service and light industry
-  Iðnaðarsvæði  
Industrial area
-  Svæði fyrir þjónustustofnanir  
Public institutions
-  Verslunar- og þjónustusvæði  
Retail and service area
-  Opin svæði til sérstakra nota  
Recreational area
-  Óbyggð svæði  
Natural area
-  Athafnasvæði  
Light industry, warehouses, wholesale
-  Frístundabyggð  
Leisure housing
-  Sorpförgunarsvæði  
Waste disposal area
-  Vikjandi sorpförgunarsvæði  
Recessive waste disposal area
-  Efnistökusvæði  
Sand quarry
-  Vötn, ár og sjór  
Lakes and sea

-  Snjóflóðahætta, hættusvæði C  
Avalanche danger area C
-  Takmörk bygginga vegna sjávarrofs  
Building restrictions due to abrasion
-  ÍS1  
Íbúðarsvæði sbr. kafli 4.2  
Residential area according to chapter 4.2
-  F8  
Svæði fyrir frístundabyggð sbr. kafli 4.3  
Leisure housing according to chapter 4.3
-  b1  
Svæði fyrir þjónustustofnanir sbr. kafli 5.2  
Public institutions according to chapter 5.2
-  A1  
Athafnasvæði sbr. kafli 2.2  
Light industry according to chapter 2.2
-  I1  
Iðnaðarsvæði sbr. kafli 2.3  
Industrial area according to chapter 2.3
-  E1  
Efnistökusvæði sbr. kafli 1.9  
Sand quarry according to chapter 1.9

 Afmörkun skipulagsbreytingar

**Aðalskipulag Mýrdalshrepps 2012-2028**

**Þéttbýlisuppráttur**

Iðnaðar- og efnistökusvæði  
í Vikur- og Fagradalsfjöru



Verk: 4033-010


Dags: 27.10.2020

Mkv. 1: 10.000 í A4

Breytt: 9.2.2021

Unnið: AB

Rýnt: ÁJ


















Gildandi aðalskipulag mkv. 1:50.000







Breytt aðalskipulag mkv. 1:50.000

## SKÝRINGAR:

### LAND USE:

-  Sveitarfélagsmörk  
Municipal boundaries
-  Mörk svæðisskipulags Miðhálandis  
Central highlands boundaries
-  Landbúnaður  
Agriculture area
-  Obyggð svæði  
Natural area
-  Svæði fyrir frístundabyggð  
Leisure housing
-  Þéttbýli  
Dense area
-  Vötn, ár og sjór  
Lakes, rivers and sea
-  Svæði fyrir þjónustustofnanir  
Public institutions
-  Verslunar- og þjónustusvæði  
Retail and service area
-  Opin svæði til sérstakra nota  
Recreational area
-  Efnistökusvæði  
Quarry
-  Friðlýstar fornminjar  
Protected archeological sites
-  Fjarskiptasendar  
Telecommunication transmitter
-  Flugvöllur  
Airport
-  Vatnsvernd, brunnsvæði  
Water protection area I
-  Efnistökusvæði

-  Vatnsvernd, grannsvæði  
Water protection area II
-  Vatnsvernd, fjarsvæði  
Water protection area III
-  Svæði á náttúruminjaskrá  
Nature reserve
-  Friðlýst svæði  
Protected area
-  Hverfisverndarsvæði  
Local conservation area
-  Stofnvegur  
Primary road
-  Tengivegur  
Secondary road
-  Númer vega  
Road numbers
-  Aðrir vegir  
Other roads
-  Landsvegir  
Mountain roads/paths
-  Jarðgöng  
Tunnel
-  Reiðleiðir  
Bridle paths
-  Gönguleiðir  
Pathways
-  Varnargarðar  
Flood barriers
-  Ljósleiðari  
Fiber optic cable

 Afmörkun skipulagsbreytingar

Aðalskipulag Mýrdalshrepps 2012-2028

Sveitarfélagsuppráttur

Íðnaðar- og efnistökusvæði  
í Víkur- og Fagradalsfjöru



Verk: 4033-010

Dags: 27.10.2020

Mkv. 1: 10.000 í A4

Breytt: 9.2.2021

Unnið: AB

Rýnt: ÁJ